



## Trúnaðarmanna – og fulltrúaráðsfundur Sameykis

### Dagskrá fundar:

1. Ávarp formanns
2. Lífeyrisréttindi í LSR – Ágústa Hrönn Gísladóttir
3. Kröfugerð og kjarasamningar – Árni Stefán og Garðar Hilmarsson
4. Kaffi
5. BSRB - komandi kjarasamningar – Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB

<b>Dags. 28.02.2019</b>	<b>Kl. 13:00</b>	<b>Staður:</b> Gullhamrar
<b>Fundarboðari:</b> KEA	<b>Fundarritari:</b> ISF	Mættir 115 félagar

1. Árni setti fundinn og fór yfir dagskrá dagsins

Árni sagði að nýtt merki félagsins muni birtast á næstu dögum, tillögur verða lagðar fyrir stjórn félagsins í næstu viku. Eftir að merki verður valið er hægt að fara á fullt í kynningarherferð.

Orlofsmál hafa líka verið fyrirferðarmikil í vinnu skrifstofunnar. Hann fór yfir stöðuna í kjaramálum, verið er að smíða kröfugerðina. Byrjað er að funda með Reykjavíkurborg og í næstu viku verður fundur með fulltrúum ríkisins. Árni bað Garðar Hilmarsson varaformann að taka við fundarstjórninni.

2. **Ágústa Hrönn Gísladóttir forstöðumaður réttindamála hjá LSR.**

Ágústa áætlað að fara yfir A – deild, B- deild (gamli sjóðurinn) og séreignarsparnaðinn. Fundargestir báru fram spurningar jafnóðum.

Margir þekkja ekki rétt til örorkutryggingar komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss.

Íslenska kerfið skiptist í 3 megin stöðir, almannatryggingar, skyldutrygging lífeyrissjóðanna (samtrygging) og viðbótarlífeyrissparnaður (séreign)

A – deild LSR var stofnuð 1997 og 1.6. 2017 voru gerðar breytingar. A - deild er nú með aldurstengda ávinnslu. Lífeyrissjóðurinn er lokaður fyrst og fremst fyrir opinbera starfsmenn. Iðgjald sjóðfélaga er 4% og mótframlag launagreiðanda er 11,5%. Greitt frá 16 – 70 ára. 2 kerfi í A-deild, eldra kerfið er jöfn ávinnsla, árlegur lífeyrisréttur sem nemur 1,9 % af meðallaunum. Viðmiðunaraldur lífeyristöku er við 65 ára aldurinn. Nýtt kerfi frá 2017, viðmiðunaraldur lífeyristöku er við 67 ára aldur. Eldra kerfið miðar við að hefja lífeyristöku 65 ára, það má byrja 60 ára en líka fresta til 80 ára (nýjasta breytingin). Ef byrjað er fyrir 65 ára þá lækkar greiðslan um 0,5% fyrir hvern mánuð. Ef frestað frá 65 til 70 ára þá hækkar greiðslan um 0,75% fyrir hvern mánuð. Hækkun er reiknuð skv. réttindatöflum ef frestað er til 71-80 ára aldurs.

Hálfur lífeyrir úr A-deild LSR er nýr valkostur síðan í september 2018. Getur hafist frá 60 ára aldri.

Hálfur ellilífeyrir er þá frá TR og hálfur hjá lífeyrissjóðum, skilyrði að vera 65 ára og eldri og allir skyldubundnir lífeyrissjóðir þurfa að samþykkja töku á lífeyri. Samanlögð réttindi frá öllum lífeyrissjóðum og TR séu að lágmarki jöfn fullum ellilífeyrir hjá TR. Tekjur hafa í dag ekki áhrif á greiðslur hálf ellilífeyris frá TR. Nú eru mörkin há til að komast inn í þetta úrræði, það gæti breyst og eins gæti tekjutenging hafist.

Áfallin réttindi kunna að hækka/lækka ef tryggingafræðileg staða gefur tilefni til. Það á ekki við um þá sem voru orðnir 60 ára eða höfðu hafið töku lífeyris fyrir 1. júní 2017. (Hafa bakabyrgð ríkissjóðs) B -deildin sem lokaði fyrir nýjum sjóðsfélögum 1.1.1997. Ágústa fór yfir hverjir hafa og geta haldið aðild að B – deildinni. Engin aukning er á lífeyri þó frestað sé töku lífeyris. Iðgjald er 4% af dagvinnulaunum, vöktum og persónuuppbótum.

Flóknari reglur eru við töku lífeyris í B – deild. Makalífeyrir ævilangt ef viðkomandi giftir sig ekki. Barnalífeyrir til 18 ára aldurs.

Nytsöm heimavinna fyrir fundarmenn er að skoða vefsíðu LSR. Hægt er að skoða lífeyrisgáttina, þar sjást réttindin í öllum sjóðum.

Hægt er að gera samning milli hjóna og sambúðarfólks um skiptingu ellilífeyrisréttinda, skipta fortíð, fortíð og framtíð eða bara framtíðargreiðslum. Lífaldur og kyn geta skipt máli og leggja þarf fram læknisvottorð ef skipta á fortíðargreiðslum.

Ellilífeyrisþegar (Guðjón Magnússon) – eru ósáttir við skerðingar á lífeyrisgreiðslum og vilja að félagið berjist fyrir leiðréttingu.

Garðar H. þakkaði Ágústu fyrir og minnti á það sem hún minntist reglulega á í sinni yfirferð að Brú og LSR eru sambærileg fyrir utan V – deild hjá Brú.

Árni Stefán ræddi aðeins um skiptingu lífeyrisgreiðslna sem eru nú að koma að 60% frá lífeyrissjóðum en aðeins 40% frá Tryggingastofnun.

### 3. Kröfugerð og kjarasamningar.

Árni fór yfir almennar kröfugerðir og atriði sem hafa verið settar fram við Reykjavíkurborg og ríkið.

Að hækka laun og auka kaupmátt

Að stytta vinnuviku

Jöfnun launa milli almenn markaðarins og opinbera markaðarins, sbr. samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda 2016.

Launaþróunartrygging til framtíðar

Að unnið verði að útrýmingu kynbundins launamunar.

Framlag í sjúkra- og styrktarsjóði verði 1%

Að framlög til starfsmenntunar verði sambærileg við aðra kjarasamninga (Reykjavíkurborg)

Að samið verði um sérstakt framlag til stofnanasamninga (Ríkið)

#### **Kröfur:**

##### **A) Hækka laun og auka kaupmátt:**

Skoðaðar verði leiðir með blandaðri aðferð

Að gerð verði áætlun hvernig staðið verði að leiðréttingu á launum félagsmanna Sameykis hjá Rvk. borg svo þau verði sambærileg við almenna vinnumarkaðinn, sbr. samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda.

Launatafla Reykjavíkurborgar: starfsþróunarþrep hækki um 2 % við hvert þrep og bil milli launaflokka verði leiðrétt

Launatafla ríkisins: persónuhækkanir reiknist í prósentum eins og hjá sveitarfélögum og lengja hana (2,5% á milli og fjölga flokkum)

Meta starfsreynslu frá öllum vinnuveitendum sem nýtist í starfi til launa (Rvk.borg)

Koma á viðbótarlaunakerfi (Rvk.borg)

Sérstaklega fara yfir stofnanasamninga við LSH, Fangelsismálastofnun og sýslumannsembættin. (Ríki)

##### **B) vinnuskylda**

Stytting vinnuvikunnar í 35 stundir og hjá vaktavinnufólki verði vinnutíminn 80% af 35 stundum.

Aðfangadagur og gamlársgdagur verði frídagar að fullu

Foreldrar fá aukafri vegna vetrarfrís- og skipulagsdaga leik- og grunnskóla

Fjölga dögum sem hægt er að breyta yfirvinnu í frí (Rvk.borg)

**C) Bættur réttur starfsmanna vegna veikinda og slysa**

Vegna andláts nákomins ættingja/aðstandenda sé réttur á launuðu fríi, ekki aðeins vegna barna.

Veikindaréttur vegna námkominn ættingja/aðstandanda

Tímavinnustarfsfólk eiga sama rétt til launa í veikindum og annað starfsfólk

Réttur á endurkomu í hlutastarf eftir langvarandi veikindi

**D) Styrking sí- og endurmenntunarúrræða og aukinn réttur til náms og starfsþróunar**

Hækkun og jöfnun framlaga í sjóði (Rvk.borg)

launuð námsleyfi sbr. ríki og önnur sveitarfélög (Rvk.)

Tryggja starfsgrundvöll fræðslusetursins Starfsmenntar (Ríki)

**E) Bætt fyrirkomulag orlofsréttar**

Sami orlofsréttur fyrir alla, afnema lífaldurstengingu og að réttur allra verði 240 klst.

### **Breytingar á einstökum greinum.**

Að aðfangadagur og gamlársgdagur verði að fullu stórhátíðardagar

Vegna matar- og kaffitíma vaktavinnufólks breytist grein 2.6.9 -orðalagsbreyting.

Grein 12.2.2. (ríki) um veikindarétt vantar orð (stafsetning)

Hækka þarf sérstaka umbun sem hefur ekki fylgt verðlagi (ríki)

Tryggja að leyfisréttur bakvakta fyrnist ekki

Tryggingakafli verði endurskoðaður með tilliti til jöfnunar á bótarétti vegna slysa í vinnu og frítíma

Endurskoða grein 1.3.1.3 um starfslýsingar t.d. varðandi orðalagið „önnur tilfallandi störf“ (Rvk.)

Í gr. 6.3.1 um fatapeninga á heimilum fatlaðs fólks komi í stað orðsins „heimilt“ orðið „skylt“ auk þess sem tímavinnustarfsfólki verði tryggður réttur á fatapeningum.

Endurskoðaðar veðri batur skv. grein 8.5.1 vegna starfsmanna sem verða fyrir skaða af hendi skjólstæðinga. (Rvk.)

Ef ekki er tryggður aðgangur að mötuneyti eða matur skaffaður skal greiða fæðispeninga (Rvk)

Tryggja neysluhlé starfsmanna sem vinna utan dagvinnumarkna (Rvk.borg)

Viðmið í 1.4.2 um tímavinnu í starfi sem telst minna en 33,33% verði lækkað í 20% sbr.

kjarasamning Samb.ísl. sveitarf. og St.Rv. (Rvk.)

### **Sérstök atriði**

Tryggja fulla mönnun vegna álags í störfum auk þess að tryggja fulla mönnun í orlofi og öðrum leyfum.

Gerð verði viðmið um mönnum við dagþrif og mötuneytisþjónustu í skólum (Rvk)

Greiðslur vegna vinnu utan skilgreinds vinnutíma, tölvu og símasamskipti

Vegna matar og kaffitíma vaktavinnufólks skal greiða yfirvinnu 5 mín pr klst. þó að lágmarki 25 mín pr. vakt.

Aukinn réttur fyrir trúnaðarmenn til að sinna störfum sínum. (Ríki)

Vaktarálag skal haldast í orlofi

Opna möguleika starfsfólks á áframhaldandi störfum eftir sjötugt

Sjóðakerfi, hækkun og jöfnun framlaga í sjóði, sbr. framlag ríkisins til annarra stéttarfélagana (lr. Rvk.)

Hækkun á fæðispeningum sbr. kjarasamning við Rvk.borg (Ríki)

Endurteknar tímabundnar ráðningar fela ekki í sér reynslutíma á samningi nr. 2 og þar á eftir. (Rvk)

Samið verði um fasta upphæð að lágmarki vegna líkamsræktarstyrkja (Rvk)

Mat á menntun umfram kröfur í starf: samræma við sambandssamninginn, t.d. stúdentspróf og ECTS einingar (Rvk)

Mat á fagmenntun stuðningsfulltrúa í málefnum fatlaðra (Rvk)

Mögulegt að dreifa tímabundinni ráðningu (t.d. 9 mánuði í skóla yfir 12 mán. samning (greiðslur) sbr. samning sveitarfélaga (ríki)

Hækkun á desember og orlofsuppbót í samræmi við önnur sveitarfélög

## Önnur mál

Umræður um fyrirkomulag og framkvæmd fastlaunasamninga

Umræður um hlutverk og verklag trúnaðarlækna

Samþykkt borgarráðs 4. okt. 2007 verði sett í kjarasamning. Heimilt er að minnka vinnuskyldu starfsmanns sem orðinn er 65 ára og hefur starfað samfellt hjá Rvk.borg í a.m.k. 10 ár um 20% (t.d. 8 klst. af 40 klst. á viku m.v. fullt starf) án skerðingar á mánaðarlaunum þann tíma sem hann vill starfa áfram.

Vésteinn spurði um bókun um orlofsfé. Árni Stefán að það hafði gleymst að setja punkt um þetta og því verður þessu bætt undir önnur mál. Hann spurði einnig um hvort ekki ætti að banna að fólk verði sett í launalaust leyfi eins og gerist þegar eru sumarlokanir á spítölum. Árni sagði að þetta væri í lögum um orlofsrétt, ekki í kjarasamningum.

Spurt var um hugmynd að lágmarkslaunum. – Árni sagði að það hafi ekki verið nefnd tala, en reiknar með að viðmiðið verði lágmarkslaun á almennum markaði.

Garðar sagði að kröfugerð til Samband ísl. sveitarfélaga er svipuð. Eftir er að fínþússa nokkra hluti í kröfugerð við fleiri viðsemjendur. Á fyrsta fundi með Reykjavíkurborg komu fram nokkur atriði sem báðir viðsemjendur hafa í sínum áherslum.

### 4) **Kaffihlé**

### 5) **Sonja Rut formaður BSRB**

Sonja sagði frá viðræðum við forsætisráðherra, ákveðið var að koma á samstafshópi, Drífa Snædal, Halldór B. Þorbergsson og Sonja ásamt ráðuneytisstjórum, alls 6 manns. Fjallað um hvernig stjórnvöld geta liðkað til í kjarasamningum, skattamál, húsnæðismál, lífeyrismál, jafnréttismál, félagsleg undirboð og fleira. Á fyrsta fundi var talað um svigrúm stjórnvalda, það var svolítill væntingastjórnun. Um húsnæðismálin, sumum tillögum var vísað inn á kjarasamningsborðið, rætt um íbúðafélögin Bjarg og Blæ. Rætt stuttlega um jafnréttismál, búið var að ákveða að koma fram með eina kröfu, lengingu fæðingarorlofs. Stjórnvöld stefna líka þangað og Sonja lítur svo á að þetta sé í höfn. Lífeyrismálin, þegar réttindi voru samræmd þá hækkuðu starfsmenn á almenna markaðnum, þessi 3,5 % stiga hækkun er kölluð „tilgreind séreign“ og hana megi nýta í séreign og í fyrstu íbúðakaup. Stjórnvöld vilja taka upp heildstætt samtal um lífeyriskerfið í heild sinni. Vextir og verðtrygging, þingsályktun ASÍ fjallar um afnám verðtryggingar, niðurstaðan úr samtali við stjórnvöld er að stofna hóp sérfræðinga sem vinni með þetta.

Svo kom að skattaspili ríkisstjórnarinnar. Boðið var á fund með 4 ráðherrum, sagt frá tillögum stjórnvalda, þeir vilja bæta við einu skattþrepi. BSRB ákvað að fylkja sér á bak við við tillögu ASÍ um fleiri skattþrep og fleiri þætti. Þeim fannst þetta heldur snautlegt að hálfu stjórnvalda. Stærsta málið var að þetta var ekki samtal heldur verið að segja hvernig þetta á að vera. Eftir þetta fór þetta samtal á frost. Eins og við vitum er verið að skipuleggja verkfallsaðgerðir og fleiri deilum hefur verið vísað til Ríkissáttasemjara.

Sonja og Magnús framkvæmdastjóri BSRB hafa heimsótt vinnustaði, þau hafa spurt um hvað fólk vilji fengi það að velja eitthvað eitt, þá var helst nefnt stytting vinnuvikunnar. Spurning úr sal hvort hægt væri að stytta vinnuvikunnar með lagasetningu. Já, Sonja sagði 40 stundirnar væru í lögum en hún telur það muni taka of langan tíma að koma þessu í gegnum þingið. Mikil vinna að innleiða þetta, því betra að gera þetta í samkomulagi við atvinnurekendur.

Verið er að horfa á í heild, húsnæðismálin, hækkun lágmarkslauna og aukinn kaupmátt. Spurt var um tilraunaverkefni Rvk.borgar og ríkis um styttingu vinnuvikunnar, því lýkur í apríl/maí hjá ríkinu en í ágúst hjá borginni. Þetta er rætt við samninganefnd ríkisins, það liggur á en er eitt af því sem er í brattri brekku. Áhersla BSRB er að lækka skattabyrði á lægst launaða fólkið og fá meira framlag í styrktar- og sjúkrasjóði. Stóra áskorunin, getum við náð fram styttingu vikunnar og hvort við getum lifað af lægstu launum. Spurt um hvort ekki sé best að krefjast krónutöluhækkunar. Sonja sagði alltaf vera spurningu um réttlæti um eðlilega launaþróun og hvernig skilgreinum við svo meðaltekjur.

Garðari þakkaði Sonju fyrir sitt innlegg.

Hann bauð fundarmönnum að koma fram með önnur mál. Ábending kom um umhverfissjónarmið, að dreifa ekki plastflöskum með vatni á alla fundarmenn.

**Fundi slitið kl. 15:45**